

Lög um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, undirskrifuð sama dag, nr. 109.

Umferðarlög, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 30. maí 1940, nr. 110.

Lög um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, undirskrifuð sama dag, nr. 111.

Lög um lyfjafræðingaskóla Íslands, undirskrifuð sama dag, nr. 112.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð sama dag, nr. 113.

Lög um breyting á lögum nr. 86 11. júní 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra, undirskrifuð sama dag, nr. 114.

Lög um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., undirskrifuð sama dag, nr. 115.

Lög um breyting á lögum nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, undirskrifuð sama dag, nr. 116.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um toll af klór- 63 magnesium.

20. apríl

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að fyrst um sinn, þar til er annað verður ákveðið, skuli tollflokka klórmagnesium í steypu undir nr. 17 í 25. kafla tollskrárinnar og tolla það með kr. 0.55 af hverjum 100 kg í vörumagnstoll og með 2% verðtoll.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, 64 um takmörk verzlunarlóðarinnar í Þaralátursfirði í Grunnavíkur- 11. maí hreppi.

Með bréfi dags. 3. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Þaralátursfirði í Grunnavíkurhreppi, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhúsi í Þaralátursfirði í Grunnavíkurhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Að norðan: Bein lína úr grjótvörðu innanvert við Höfða til sjávar í túnjaðri Þaralátursfjarðar norðanvert, 45 metrar.
2. Að vestan: Bein lína úr áður nefndri vörðu í niðursteyptan tréstaurovið ytra fjárhúshorn í túni jarðarinnar, 75 metrar.
3. Að sunnan: Bein lína úr áður nefndum staurovið sjávar, 20 metrar.
4. Að austan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.